

Reglugerð Menningarsjóðs FLÍ.

1. grein.

Nafn sjóðsins er Menningarsjóður Félags leikstjóra á Íslandi. Lögheimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að þróun sviðslista á Íslandi með því að veita leikstjórum styrki til að greiða kostnað við :

- a) nám í tengslum við fag leikstjóra, dramatúrga eða sviðshöfunda
- b) rannsóknarstörf á vettvangi sviðslista
- c) ferðalög til að kynna sér það, sem efla mætti listþroska þeirra.

Ekki er heimilt að nýta styrk úr sjóðnum til greiðslu launa.

3. grein.

Sjóðstjórn annast úthlutun úr sjóðnum tvisvar á ári, að vori og hausti, og skal veitt samkvæmt skriflegum umsóknum. Sjóðsstjórn skal auglýsa eftir umsóknum a.m.k. mánuði fyrir úthlutun og umsóknarfrestur rennur út viku fyrir úthlutun.

4. grein.

Í umsókn skal tilgreina hvernig verja eigi styrknum og skal kostnaðaráætlun fylgja umsókn. Ekki er heimilt að nýta styrk til annarra verkefna en sótt er um fyrir. Áður en styrkur er greiddur út ber styrkþega að skila stuttri greinargerð um verkefnið ásamt kvittunum sem sýna fram á útlagðan kostnað.

5. grein.

Geti handhafi úthlutunar ekki nýtt sér hana á tilgreindu tímabili, skal gera sjóðstjórn viðvart og semja um frestun á úthlutun, þó er ekki heimilt að fresta úthlutun lengur en tvö ár frá dagsetningu upphaflegrar úthlutunar.

6. grein.

Sjóðstjórn skipa þrjú fulltrúar. Einn er kosinn úr hópi félagsmanna á aðalfundi til tveggja ára, einn tilnefndur af stjórn Sviðslistasambands Íslands til tveggja ára og einn tilnefndur af stjórn Félags leikstjóra á Íslandi til eins árs í senn. Ekki má endurkjósa þá sem setið hafa tvö tímabil í röð.

7. grein.

Tekjur sjóðsins eru: a) 1% gjald, sem samningsaðilar FLÍ greiða samkvæmt gildandi samningum. b) Sá hluti vaxta og verðbóta af eignum sjóðsins í upphafi árs, sem stjórn FLÍ ákveður hverju sinni.

8. grein.

Stjórn félagsins ákveður ár hvert hversu mikið ráðstöfunarfé sjóðsins skuli vera. Þó skal heildar úthlutun yfir árið aldrei vera hærrí en svo að sjóðurinn haldi verðgildi sínu miðað við almenna verðlagsþróun í landinu.

9. grein.

Eignir sjóðsins skal stjórn félagsins ávaxta í fjárvörslustofnun, alltaf á þann hátt sem talist getur öruggur og ábatasamur í senn.

10. grein.

Svo að tillaga um sjóðslit nái fram að ganga skal boða til fundar um það mál sérstaklega, bréflaga með hálfmánaðar fyrirvara. 3/4 félagsmanna þurfa að mæta á þeim fundi og 3/4 fundarmanna að

samþykkja tillöguna. Það er síðan háð ákvörðun þess fundar hvað gera skuli við eignir sjóðsins, ef einhverjar eru.

Samþykkt á aðalfundi FLÍ 5. maí 1999, með breytingum á aðalfundi FLÍ 03.05.2021 og skerpingu á 2. grein og nýrri 4. grein á aðalfundi FLÍ 2022.